

Fundargerð

286. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 20. maí 2020 kl. 9⁰⁰–10⁴⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar

2. Plast

LHG fór yfir að á síðasta stjórnarfundum var samþykkt tillaga um að greiða tímabundið fyrir unnið heyrúlluplast sem PNR hefur og mun framleiða og geyma síðan á lager sbr. erindi frá fyrirtækinu um erfiðar aðstæður á mörkuðum. Efnið verður selt síðar þegar aðstæður á mörkuðum lagast.

ÓK fór yfir útreikninga sem lagðir voru fram á fundinum.

Stjórnarmenn ræddu forsendur fyrir útreikningum á óhreinindahlutfalli og að það þyrfti að taka ákvörðun um nýtt endurgjald fyrir fullunnið heyrúlluplast þar sem gildandi samkomulag um endurgjald rann út 1. maí 2020.

Stjórn samþykkir nýtt endurgjald fyrir perlur unnar úr heyrúlluplasti verði 90 kr/kg frá með 1. maí til 1. nóvember 2020.

Lögð var fram á fundinum fréttatilkynning sem Plastics Recyclers Europe sendi frá sér þar sem sagt er frá miklum erfiðleikum hjá endurvinnslufyrirtækjum vegna erfiðs ástands á mörkuðum út af Covid-19 faraldrinum.

3. Úrvinnslusjóður

LHG fór yfir að miðað við verklag fyrri ára þarf stjórn sjóðsins að skila tillögum um breytingar á upphæð úrvinnslugjalds fyrir lok júní.

ÓK fór yfir að UAR er að skoða fjárveitingar og tekjur af úrvinnslugjaldi. Lögð voru fram á fundinum samskipti við UAR um málið.

Farið var yfir upplýsingar frá Tollinum um innflutning til landsins frá janúar til apríl 2020 miðað við árið í fyrra og áætlun. Unnið er að tillögum að breyttu endurgjaldi og álagningu úrvinnslugjalds.

Stjórn ræddi stöðuna. Farið var yfir útreikninga á vaxtaútreikningi fyrir sjóðinn. ÓK mun sýna rekstraráætlun fyrir árið 2021 á næsta stjórnarfundum og áætlaða breytingar á endurgjaldi.

4. Drifraflöður

LHG fór yfir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið skipaði í janúar á þessu ári starfshóp til að gera tillögur um framkvæmd framleiðendaábyrgðar á drifrafhlöður og rafgeyma. Áætlað er að tillögur liggi fyrir nú í maí 2020.

Íris Gunnarsdóttir (ÍG) er fulltrúi Úrvinnslusjóðs í starfshópnum mætti á fundinn til að gera grein fyrir starfi hópsins. Starfshópurinn fundar reglulega og ætlar að koma með tillögur til ráðherra um lausn á meðhöndlun á notuðum eða úrsérgegnum drifrafhlöðum.

ÍG sýndi glærur með upplýsingum sem fram hafa komið í vinnunni. Farið var yfir framtíðarspá um fjölda rafhlaðna sem kæmu á markað og til meðhöndlunar.

Hugsanlega þarf að taka sérstaklega á ökutækjum sem eru þegar á skrá annars vegar og framtíðar innflutningi hins vegar.

Stjórn ræddi stöðuna. Rætt var um hugsanlega álagningu á rafbílaeigendur til að standa undir meðhöndlunarkostnaði. Líkur eru að fortíðarvandinn verði framtíðarvandi við sölu á drifrafhlöðum. ÍG yfirgefur fund 10:27.

5. Ökutæki

Farið var yfir að Úrvinnslusjóður og Samgöngustofa eru í samstarfi um rafræn skilavottorð þar sem gert var ráð fyrir að eigandi ökutækis og móttökuaðili nýttu rafrænar undirskriftir til að staðfesta afskráningu ökutækis til úrvinnslu og móttöku ökutækis til meðhöndlunar. ÓK fór yfir vinnuna hingað til.

Stafrænt Ísland hefur áhuga á málinu og telur að það geti fallið vel að þeirra verkefnum og island.is.

6. Önnur mál

EM minnti á að ekki hafi borist svör vegna úttektar á framkvæmd á veiðarfærasamning frá SFS.

Næsti fundur 3. júní 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.40